

Upplýsingar um val í fyrsta bekk vor 2019

Félagsgreinabraut, mála- og menningarbraut og raungreinabraut

Nú er komið að því að nemendur í 1. bekk velji sér valgreinar fyrir vorönn í 2. bekk. Reyndar er náttúrufræðibrautin undanskilin þar sem nemendur á þeirri braut taka allt sitt val í 3. bekk.

Hér á eftir er að finna upplýsingar um val á hverri braut.

Félagsgreinabraut: Til að ljúka námi til stúdentsprófs þurfa nemendur að ljúka 30 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 15 að tilheyra einkennisgreinum félagsgreinabrautar**, þ.e. félagsgreinum, sögu og heimspeki, landafræði, félagsgreinaensku og stærðfræði. Á vorönn í 2. bekk taka nemendur á FB einn valáfanga, tvo á haustönn í 3. bekk og þrjá á vorönn í 3. bekk.

Mála- og menningarbraut: Til að ljúka námi til stúdentsprófs þurfa nemendur að ljúka 30 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 15 að tilheyra einkennisgreinum mála- og menningarbrautar**, þ.e. erlendum tungumálum, ferðamálafræði, sögu og heimspeki, íslensku og stærðfræði. Á vorönn í 2. bekk taka nemendur á MMB einn valáfanga, tvo á haustönn í 3. bekk og þrjá á vorönn í 3. bekk.

Raungreinabraut: Til að ljúka námi til stúdentsprófs þurfa nemendur að ljúka 25 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 10 að tilheyra einkennisgreinum raungreinabrautar**, þ.e. raungreinum, raungreinaensku, sálfræði, stærðfræði, forritun og tölvufræði. Á vorönn í 2. bekk taka nemendur á RB einn valáfanga, tvo á haustönn í 3. bekk og tvo á vorönn í 3. bekk.

Náttúrufræðibraut: Til að ljúka námi til stúdentsprófs þurfa nemendur að ljúka 35 einingum í vali og þar af eiga **a.m.k. 20 að tilheyra einkennisgreinum náttúrufræðibrautar**, þ.e. raungreinum, raungreinaensku, sálfræði, stærðfræði, forritun og tölvufræði. Eins og fram hefur komið taka nemendur á NB allt valið sitt í 3. bekk, fjóra áfanga á haustönn og þrjá á vorönn.

Nemendur þurfa að skoða vel á hvaða þrepum áfangarnir eru sem þeir velja. Einnig þarf að hafa í huga hvaða undirbúningskröfur eru gerðar í því námi sem stefnt er að að loknu stúdentsprófi og velja valáfanga í samræmi við það. Aðgangsviðmið háskólanna má finna á heimasíðu skólans undir **NÁMIÐ – VALGREINAR – Samantekt á aðgangsviðmiðum íslenskra háskóla**, með ábendingum um námsval í MA miðað við nýja námskrá http://www.ma.is/static/files/Namid/2017-2018/Adgangsvidmid_ny_namskra.pdf

Áfangalýsingar er að finna á heimasíðu skólans undir hlekknum **Valgreinar**, þar er bæklingur sem heitir **Valgreinabæklingur vor 2019** með stuttri lýsingu á hverjum áfanga. Athugið vel hver undanfari hvers áfanga er, þ.e. hvaða áföngum þið þurfið að hafa lokið til að geta skráð ykkur í tiltekna áfanga. Einnig þurfið þið að skoða hvaða áfangar falla undir sérgreinar brauta.

Þú skráir valið þitt í Innu og í valgreinabæklingi er að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvernig sú skráning fer fram.

Síðasti dagur til að skrá val í Innu er mánudagurinn 4. mars. Brautastjórar og náms- og starfráðgjafar eru nemendum til ráðgjafar og aðstoðar við val á áföngum og skráningu. Nemendur eru hvattir til að nýta sér þessa þjónustu.

- **SÍÐASTI DAGUR TIL AÐ SKRÁ VAL Í INNU ER MÁNUDAGUR 4. MARS** -

Áfangar í boði fyrir 2. bekk á vorönn 2020

Áfangar sem eru kenndir í blokk, allir á sama tíma.

Áfangi	Félagsgreinabraut	Mála- og menningarbraut	Raugreinabraut
EFNA3LR05			x
ENSK3DF05	x	x	
FÉLA2LM05	x	x	x
HEIL2BL05	x	x	x
HÖNN3VS05*	x	x	x
ÍSLE2KM05	x	x	x
JARÐ2JA05	x	x	
KFRT2KF05	x	x	x
LÍFF2LE05	x	x	
MENN2GG05	x	x	x
SAGA3FB05	x	x	x
SÁLF2HÍ05	x	x	x
SJÓN1TF05*	x	x	
SPÆN1AA05	x		x
STÆR3TF05	x	x	
STÆR3ÞR05			x

Áfangar sem eru kenndir utan blokka.

ÍSLE2YN05, ENSK3PL05 og MENN2YN05

Nemendur skrá valið sitt í INNU. Allir nemendur þurfa að velja **einn áfanga í aðalval og einn í varaval.**

Ítarlegar leiðbeiningar um skráningu í INNU er að finna í valgreinabæklingi, bls. 5-6.

Kynnið ykkur vel reglur um val sem er að finna í valgreinabæklingi, bls. 4.

Síðasti dagur til að skrá val í Innu er **mánudagur 4. mars**